

Nd.

32. Frumvarp til laga

[31. mál]

um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Félög, sem koma til greina við veiting styrks samkvæmt lögum þessum, skulu fullnægja skilyrðum í A- eða B-flokki hér á eftir:

A-flokkur:

1. að sýna a. m. k. tvö leikrit á ári, sem hvort um sig sé fullkomin kvöldsýning,
2. að fullgildur leikstjóri setji leikritið á svið,
3. að félagið hafi ráð á húsnæði og sviðbúnaði, sem nægi til sýninga á þeim leikritum, sem valin eru til flutnings,
4. að sýnandi leikrits sé félag, sem eingöngu fæst við leiklist og ver ágóða, sem verða kann af sýningum, eingöngu til leiklistarstarfsemi sinnar.

B-flokkur:

1. að sýna a. m. k. eitt leikrit á ári sem sjálfstæða sýningu og sé það fullkomin kvöldsýning eða styttra leikrit með öðru menningarlegu efni, svo sem upplestri, söng, hljóðfærslætti o. fl.

Tala leikrita hér að framan miðast einungis við leikrit, sem frumsýnd hafa verið á leikárinu, en leikrit, sem haldið er áfram sýningum á frá fyrra leikári, teljast eigi með.

2. gr.

Ef tekin eru til sýningar ný íslensk leikrit eða íslensk leikrit, sem eigi hafa áður verið sýnd á leiksviði, er heimilt að greiða vegna þeirra sérstakan aukastyrk af fé því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni til leiklistarstarfsemi, samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

3. gr.

Stefnt skal að því, að leikrit, sem sýnd eru á vegum félaga, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, séu menningarlegs eðlis, en eigi sýnd eingöngu eða fyrst og fremst til fjáröflunar.

4. gr.

Félög, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skulu senda menntamálaráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir þann þátt starfsemi sinnar, sem fellur undir 1. gr. laga þessara, svo og skýrslu um leikstarfsemina á síðastliðnum vetri, og starfsáætlun fyrir næsta vetur, ef unnt er, annars strax og slík starfsáætlun hefur verið gerð. Ráðuneytið getur ákveðið í hvaða formi skýrslur þessar skuli vera.

5. gr.

Fjárframlög ríkisins til leiklistarstarfsemi áhugamanna skulu ákveðin í fjárlögum árlega, og skal fjárhæðin eigi lægri vera en ein milljón króna, sem menntamálaráðuneytið síðan skiptir, að fengnum umsóknum og áskildum upplýsingum. Styrkir til félaga í A-flokki skulu nema frá 30—100 þús. krónum, en í B-flokki frá 10—30 þúsund krónum á ári.

Hafi félag sýnt þrjú leikrit eða fleiri á síðasta leikári, er heimilt að veita því aukastyrk.

Sýni félag umfram þá leikritatölu, sem getur í 1. gr., leikrit, sem sérstaklega er ætlað börnum og er fullgild sýning, má styrkja það aukalega.

Auk einnar milljón króna lágmarksfjárveifingar til leiklistarstarfsemi áhugamanna, skal ákveða sérstaklega í fjárlögum hverju sinni styrk til Leikfélags Reykjavíkur og Bandalags ísl. leikfélaga.

6. gr.

Þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt, skal Bandalag íslenzkra leikfélaga í samráði við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur koma á fót og reka búninga-, leiktjalda- og leikmunasafn til afnota fyrir leikfélög landsins. Safnið hafi í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateignara.

Þangað til safni þessu hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið. Skemmdir á hinu leigða skulu leigutakar bæta Þjóðleikhúsinu að fullu eftir mati þess.

7. gr.

Ríkisútvarpið aflar sér til flutnings leikrita hjá leikfélögum viðs vegar um land, eftir því sem ástæða virðist til að dómi dagskrárstjórnar, og komi þá venjulegt gjald fyrir hið notaða efni.

8. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita styrk til opinberra leiksýninga skólafélaga, svo sem til greiðslu hluta af kostnaði við leikstjórn. Er hér átt við skóla, sem reknir eru eða styrktir af ríkinu.

9. gr.

Á móti styrkveitingum í A-flokki skulu koma a. m. k. jafnhá framlög frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði, en á móti styrkjum til félaga í B-flokki komi a. m. k. 50% frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 7. júní 1963 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna. Í nefnd-

ina voru skipaðir Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Guðlaugur Rósinkranz, þjóðleikhússtjóri, Helgi Skúlason, formaður Leikfélags Reykjavíkur, Valgeir Óli Gíslason, formaður Bandalags íslenzkra leikfélaga, og Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri. Síðar var Skúla Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands, bætt í nefndina. Í forföllum Helga Skúlasonar hafa þeir starfað í nefndinni Guðmundur Pálsson, leikari, og Sveinn Einarsson, leikhússtjóri.

Nefndin skilaði frumvarpi því, sem hér er lagt fram, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, boðaði til ráðstefnu í Reykjavík um leiklistarmál dagana 16. og 17. maí 1963. Sóttu hana fulltrúar flestra starfandi leikfélaga á landinu, útvarpsstjóri, þjóðleikhússtjóri og fulltrúar frá menntamála-ráðuneytinu. Þar voru rædd ýmis vandamál leiklistarstarfsemi áhugamanna og leiðir til úrbóta. Þröngur fjárhagur er og hefur löngum verið eitt af vandamálum leiklistarinnar, þótt einnig sé um önnur vandamál að ræða, svo sem erfiðleika á því að fá hentug leikrit til sýningar, leiktjöld, búninga, leikstjóra, o. fl. Hins vegar hefur aðstaða til leiksýninga víða batnað stórlega vegna hinna nýju félagsheimila.

Á ráðstefnunni voru menn einhuga um, að æskilegt væri að sett yrði löggjöf um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Alþingi hefur um langt skeið veitt fé í fjárlögum sem beina styrki til allmargra leikfélaga, og námu styrkir þessir árið 1962 8 þús. krónum til hvers félags, nema hvað Leikfélag Reykjavíkur hlaut 150 þús. kr. og Leikfélag Akureyrar 30 þús. kr. Alls voru veittar í fjárlögum 1962 kr. 468 þús. til leiklistarstarfsemi, auk 125 þús. kr. styrks til Bandalags íslenzkra leikfélaga. Í fjárlögum 1963 voru leikfélögum veittar 660 þús. krónur, sem menntamálaráðuneytið skipti, en sérstök fjárveiting þar að auki til Bandalags íslenzkra leikfélaga, 125 þús. kr.

Fer hér á eftir yfirlit um fjárveitingar þessar 1962 og 1963:

	1962 (skipt í fjárlögum)	1963 (fjárveitingu skipt af menntamálaráðuneytinu)	Auk þess styrkur til leikstjórnar
	Styrkur	Styrkur	
1. Leikfélag Reykjavíkur	150000.00	150000.00	40000.00
2. Ungmennafél. Afturelding	8000.00		
3. Leikfélag Akraness	8000.00	8000.00	
4. Umf. Skallagrímur, Borgarnesi	8000.00		
5. Leikfél. Hellissands	8000.00		
6. Leikfél. Ólafsvíkur	8000.00	8000.00	
7. Umf. Snæfell	8000.00		
8. Leikfél. Þingeyrar	8000.00		
9. Leikfél. Brynja og Grettir, Flateyri ..	8000.00	8000.00	
10. Leikfél. Suðureyrar	8000.00		15000.00
11. Leikfél. Bolungarvíkur	8000.00	8000.00	15000.00
12. Leikfél. Ísafjarðar	8000.00	8000.00	
13. Leikfél. Blönduóss	8000.00	8000.00	
14. Umf. Dagsbrún, Hrótafirði	8000.00	8000.00	15000.00
15. Umf. Kormákur, Hvammstanga	8000.00		
16. Leikfél. Höfðakaupstaðar	8000.00	8000.00	
(Starfaði ekki 1962 og var ekki greiddur styrkur).			
17. Leikfél. Sauðárkróks	8000.00	8000.00	
18. Leikstarfsemi á Siglufirði	8000.00	8000.00	15000.00
19. Leikfél. Ólafsfjarðar	8000.00	8000.00	

	1962 (skipt i fjárlögum)	1963 (fjárveitingu skipt af menntamálaráðuneytinu) Auk þess styrkur til leikstjórnar	
	Styrkur	Styrkur	
20. Leikfél. Dalvíkur	8000.00	8000.00	
21. Leikfélag Akureyrar	30000.00	30000.00	
22. Leiklistarskóli á Akureyri	8000.00	8000.00	
23. Leikfél. Húsavíkur	8000.00		
24. Leikfél. Vopnafjarðar	8000.00		15000.00
25. Umf. Leifur heppni, Kelduhverfi	8000.00		
26. Leikfél. Seyðisfjarðar	8000.00	8000.00	15000.00
27. Leikfél. Neskaupstaðar	8000.00	8000.00	
28. Leikfél. Eskifjarðar	8000.00		
(Starfaði ekki 1962 og var ekki greiddur styrkur).			
29. Leikfél. Reyðarfjarðar	8000.00	8000.00	15000.00
30. Leikfél. Hornafjarðar	8000.00	8000.00	
31. Leikfél. Vestmannaeyja	8000.00	8000.00	15000.00
32. Leikfél. Baldur, Hvolsvelli	8000.00		
(Starfaði ekki 1962 og var ekki greiddur styrkur).			
33. Leikfél. Selfoss	8000.00	8000.00	15000.00
34. Leikfél. Eyrarbakka	8000.00		
(Starfaði ekki 1962 og var ekki greiddur styrkur).			
35. Leikfél. Hveragerðis	8000.00	8000.00	
36. Leikfél. Stakkur, Keflavík	8000.00	8000.00	
37. Leikfél. Hafnarfjarðar	8000.00	8000.00	
38. Leikfél. Kópavogs	8000.00	30000.00	15000.00
39. Leikfél. Þórshafnar		8000.00	
40. Leikfél. Öngulsstaðahrepps		8000.00	15000.00
41. Leikfél. Hólmavíkur		8000.00	
42. Leikklúbburinn Gríma		30000.00	
43. Kvenfél. Hríseyjar		8000.00	15000.00
44. Umf. Mýrahrepps		8000.00	15000.00
45. Umf. Grettir		8000.00	
46. Umf. Gnúpverja		8000.00	
47. Umf. Máni		8000.00	
48. Umf. Biskupstungna		8000.00	
49. Umf. Vaka		8000.00	
50. Umf. Hrunamanna		8000.00	
51. Leikfél. Iðunn, Hrafnagilshreppi			15000.00
	Kr. 468000.00	504000.00	250000.00

Leikfélög, eða félög, sem fást við leiklist, eru hins vegar fleiri en þau, sem notið hafa fjárstyrks. Félög innan Bandalags íslenskra leikfélaga voru í október 1963 62 að tölu. Fer hér á eftir skrá um þau og viðfangsefni þeirra á leikárinu 1962—1963, svo og félög, sem ekki eru í Bandalagi íslenskra leikfélaga:

1. Leikklúbburinn Gríma, Reykjavík:

„Vinnukonurnar“ eftir Jean Genet. Þýðandi: Vigdís Finnbogadóttir, og þrjár einþáttungar eftir Odd Björnsson:

„Við lestur framhaldssögunnar“, „Köngulóin“ og „Partí“.

2. Leikfélag Akraness:
„Gildran“ eftir Arnold og Bach. Þýðandi: Gunnvör Braga Sigurðardóttir.
3. Leikflokkur Reykdæla, Borgarfirði:
„Elsku Rut“ eftir Norman Krasna. Þýðandi: Tómas Guðmundsson.
4. Leikfélag Ólafsvíkur:
„Spanskflugan“ eftir Arnold og Bach. Þýðandi: Guðbrandur Jónsson.
5. Leikfélag Flateyrar:
„Skipt um nafn“ eftir Edgar Wallace. Þýðandi: sr. Þórarinn Þór.
6. Leikfélag Bolungarvíkur:
„Ástin í feluleik“ eftir Karl Wittlinger. Þýðandi: Halldór G. Ólafsson.
„Apakötturinn“ eftir Heiberg. Þýðandi: Ókunnugt.
7. Leikfélag Hólmavíkur:
„Eruð þér frímúrari“ eftir Arnold og Bach. Þýðandi: Emil Thoroddsen.
8. Umf. Dagsbrún, Hrótafirði:
„Köld eru kvennaráð“ eftir Stafford Dickens. Þýðandi: Ragnar Jóhannesson.
9. Leikfélag Blönduóss:
„Ránið í kránni“ eftir Frederick Jackson. Þýðandi: María Thorsteinsson.
10. Umf. Fram, Skagaströnd:
„Alice frænka“ eftir Charles George. Þýðandi: Ragnar Jóhannesson.
11. Leikfélag Sauðárkróks:
„Fjalla-Eyvindur“ eftir Jóhann Sigurjónsson. (Hátiðarsýning í tilefni 75 ára afmælis félagsins, sem er elzta leikfélag landsins).
12. Leikfélag Ólafsfjarðar:
„Litli kofinn“ eftir André Roussin. Þýðandi: Bjarni Guðmundsson.
„Tengdapabbi“ eftir Gustav af Geijerstam. Þýðandi: Andrés Björnsson.
13. Leikfélag Siglufjarðar:
„Klerkar í klípu“ eftir Philip King. Þýðandi: Ævar Kvaran.
14. Leikfélag Dalvíkur:
„Lénharður fógeti“ eftir Einar H. Kvaran.
„Vængstýfðir englar“ eftir Husson. Þýðandi: Bjarni Guðmundsson.
15. Leikfélag Akureyrar:
„Ránið í Kránni“ eftir Frederick Jackson. Þýðandi: María Thorsteinsson.
„Tehús Ágústmánans“ eftir Schneiders og Patrick. Þýðandi: Sigurður Grímsson.
16. Leikfélag Öngulsstaðahrepps:
„Pétur kemur heim“ eftir Leslie Sands. Þýðandi: Elías Mar.
17. Leikflokkur í Grenivík. (Umf. Magni):
„Frænka Charleys“ eftir Brandon Thomas. Þýðandi: Brynjólfur Kúld.
18. Umf. Efling, Reykjadal, S.-Þing.:
„Græna lyftan“ eftir A. Hopwood. Þýðandi: Sverrir Thoroddsen.
19. Umf. Mývetningur, Mývatnssveit:
„Mýs og menn“ eftir J. Steinbeck. Þýðandi: Ólafur Jóh. Sigurðsson.
20. Leikfélag Þistilfjarðar:
„Maður og kona“ eftir Jón Thoroddsen. Fært í leikritsform af Emil Thoroddsen og Indriða Waage.
21. Leikfélag Þórshafnar:
„Aumingja Hanna“ eftir Kenneth Horne. Þýðandi: Sverrir Thoroddsen.
22. Leikfélag Neskaupstaðar:
„Sex eða 7“ eftir Lesley Storm. Þýðandi: Ingibjörg Stephensen.
„Gullna hliðið“ eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. (Frumstýnt þar 1961—62).
23. Leikfélag Reyðarfjarðar:
„Pétur kemur heim“ eftir Leslie Sands. Þýðandi: Elías Mar.
24. Leikfélag Hafnarkauptúns, Hornafirði:
„Ævintýri á gönguför“ eftir J. C. Hostrup. Þýðandi: Jónas Jónasson o. fl.

25. Umf. Máni, Nesjahreppi, A.-Skaft.:
„Fjalla-Eyvindur“ eftir Jóhann Sigurjónsson.
26. Leikfélag Vestmannaeyja:
„Kossar og kampavín“ (Oscar) eftir Claude Magnier. Þýðandi: Sveinbjörn Jónsson.
27. Leikfélag Selfoss:
„Hókuspókus“ eftir Curt Goetz. Þýðandi: Gisli Alfreðsson.
„Græna lyftan“ eftir A. Hopwood. Þýðandi: Sverrir Thoroddsen.
28. Leikfélag Hveragerðis:
„Milli tveggja elda“ (Pétur kemur heim) eftir Leslie Sands. Þýðandi: Elías Mar.
29. Umf. Hrunamanna, Árnessýslu:
„Allir mennirnir mínir“ (Lifsgleði njóttu) eftir Alan Melville o. fl. Þýðandi: Jóna E. Burgess.
30. Umf. Biskupstungna, Árnessýslu:
„Bör Börsson jr.“ samið af Thoralf Sandö eftir sögu Johan Falkberget. Þýðandi: Sigurður Kristjánsson.
31. Umf. Vaka, Árnessýslu:
„Ævintýri á gönguför“ eftir J. C. Hostrup. Þýðandi: Jónas Jónasson o. fl.
32. Umf. Gnúpverja, Árnessýslu:
„Dollaráprinsinn“ eftir Benjamín Einarsson.
33. Leikfélagið Stakkur, Keflavík og Njarðvíkum:
„Sjónvarpstækið“ eftir Arnold Ridley. Þýðandi: Sigurður Kristjánsson.
34. Leikfélag Hafnarfjarðar:
„Johnny Belinda“ eftir Elmer Harris. Þýðandi: Svandís Jónsdóttir.
„Klerkar í klípu“ eftir Philp King. Þýðandi: Ævar Kvaran. (Frumstýnt þar 1961—1962).
35. Leikfélag Kópavogs:
„Höfuð annarra“ eftir Marcel Aymé. Þýðandi: Hrafnhildur Jónsdóttir.
„Maður og kona“ eftir Jón Thoroddsen. Fært í leikritsform af Emil Thoroddsen og Indriða Waage.
„Saklausí svallarinn“ eftir Arnold og Bach. Þýðandi: Emil Thoroddsen. (Frumstýnt 1961—62).
36. Umf. Grettir, Miðfirði:
„Karólína snýr sér að leiklistinni“, eftir Harald Á. Sigurðsson.
37. Leikhús Æskunnar:
„Herkúles og Algiasfjosið“ eftir Friedrich Dürrenmatt. Þýðandi Þorvarður Helgason.
Auk þess voru sýndir kaflar úr Shakespeare-leikritum.
38. Musica Nova:
„Amahl og næturgestirnir“ eftir Gian-Carlo Menotti.
Þá eru eftirgreind félög, sem fást við leiklist, en ekki liggja enn fyrir skýrslur um hvaða leikrit þau hafa sýnt árið 1962—1963:
 1. Leikfélag Hellissands.
 2. — Þingeyrar.
 3. — Suðureyrar.
 4. — Ísafjarðar.
 5. — Húsavíkur.
 6. — Vopnafjarðar.
 7. — Seyðisfjarðar.
 8. — Eskifjarðar.
 9. — Eyrarbakka.
 10. — Grindavíkur.
11. Umf. Afturelding, Mosfellssveit.
12. — Skallagrímur, Borgarnesi.

13. — Snæfell, Stykkishólmi.
14. — Stjarnan, Dalasýslu.
15. — Mýrahrepps, Dýrafirði.
16. — Kormákur, Hvammstanga.
17. — Geisli, S.-Þingeyjarsýslu.
18. — Huginn, N.-Múlasýslu.
19. — Eiðaskóla, S.-Múlasýslu.
20. — Leiknir, Fáskrúðsfirði.
21. — Meðallendinga, V.-Skaftafellssýslu.
22. — Þórsmörk, Rangárvallasýslu.
23. — Baldur, Rangárvallasýslu.
24. — Hvöt.
25. — Samhygð.
26. Kvenf. Glæður, Hólmavík.
27. — Iðunn, Eyjafirði.
28. — Freyja, Raufarhöfn.
29. Stúkan Framsókn, Siglufirði.
30. Kvenf. Hvammshrepps, Vík í Mýrdal.

Enn eru þá ótalin skólafélög, sem sýna sjónleiki, svo sem í menntaskólunum öllum, Verzlunarskólanum, Samvinnuskólanum o. fl., en með lögum þessum er menntamálaráðuneytinu heimilað að veita nokkurn styrk til þessarar leikstarfsemi, ef um opinberar leiksýningar er að ræða.

Loks er þess að geta, að Leikfélag Reykjavíkur er eigi talið hér með, þar sem gert er ráð fyrir, að styrkur til þess verði ákveðinn sérstaklega í fjárlögum hverju sinni, og lög þessi ná vitanlega eigi heldur til leiklistarstarfsemi Ríkisútvarpsins eða Þjóðleikhússins.

Við endurskoðun skemmtanaskattslaga, sem menntamálaráðherra lét framkvæma á árinu 1963 og lögfest var á því ári, voru þau leikfélög, sem skemmtanaskattsskyld voru áður, undanþegin skemmtanaskatti. Bætti þetta nokkuð aðstöðu sumra þeirra fjárhagslega. Fer hér á eftir yfirlit um, hvað leikfélög greiddu í skemmtanaskatt árið 1962, síðasta heila árið, sem þau voru um hann krafín:

Leikfélag Reykjavíkur	kr. 79 249.36
— Siglufjarðar	— 4 899.44
— Akureyrar	— 4 544.66
— Húsavíkur	— 3 626.12
— Vestmannaeyja	— 1 302.00
— Kópavogs	— 15 527.18
— Akraness	— 6 017.40

Athygli er vakin á því, að hafi leikfélög ferðast um með leiki sína og sýnt á þeim stöðum, utan heimabæjar, sem skemmtanaskattsskyldan nær til, og greitt þar skattinn, þá eru þær skattgreiðslur ekki taldar hér með.

Nefndin hefur kynnt sér hvernig hátað er stuðningi við áhugamannaleikhús á Norðurlöndum.

Í Svíþjóð er ríkisstyrkur til leiklistarstarfsemi áhugamanna bundinn því skilyrði, að hún fari fram innan námsflokka eða leshringa. Samkvæmt yfirliti frá 1960 voru þá styrktir 1920 námsflokkar, sem í voru 20 395 þátttakendur, þar af voru um 500 námsflokkar, sem kynntu sér leiklist, leikbókmenntir og leiklistarsögu, án þess að efna til leiksýninga.

Í Noregi er starfandi nefnd, sem hefur umsjón með starfsemi áhugamanna um leiklist (Samnemnda for amatørteaterarbeid). Tólf áhugamannafélög starfa á vegum nefndarinnar. Nefndin fékk árið 1963 fjárveitingu, sem nam 33 þús. norskum krónum, og skyldi því fé eingöngu varið til þess að greiða leiklistarleiðbeinendum, sem starfa hjá áhugmannafélögum. Í Norður-Noregi er ekkert leikhús rekið, en

þar er aftur á móti starfandi leikfélag, Hálogaland teaterselskap. Fékk félag þetta fjárveitingu árið 1963 að fjárhæð 100 þús. norskar krónur til starfsemi sinnar, og mun fjárveitingin 1964 jafnhá. Samkvæmt upplýsingum norska menntamálaráðuneytisins er ekki um að ræða annan fjárhagsstuðning af opinberri hálfu við leiklistarstarf áhugamanna í Noregi.

Í Finnlandi er árlega veitt fé í fjárlögum til leiklistarstarfs áhugamanna. Námu þessar fjárveitingar árið 1963 samtals 84 þúsund mörkum, þ. e. til leiklistarfélags verkalyðsfélaganna (Seuranäyttämöliitto ry) 40 500 mörk, til leiklistarfélags áhugamanna (Työväen näyttämöidenlütto ry) 40 500 mörk og til sænska æskulýðsfélagsins í Finnlandi 3 þús. mörk. Auk þessa getur svo komið til greina sérstakur stuðningur, t. d. vegna þátttöku í ráðstefnum o. fl.

Í Danmörku voru ætlaðar á árinu 1963 25 þús. danskar krónur til styrktar leikstarfsemi áhugamanna, en eigi hefur því fé verið skipt þegar þetta er ritað. Þá hafa stúdentaleikfélögin í Árósum og Kaupmannahöfn fengið að undanfögnu greiddar 2 þús. danskar krónur í styrk á ári, hvort um sig.

Svo sem sést af framangreindu virðist ekki um mjög mikinn fjárhagslegan stuðning að ræða á Norðurlöndum við leiklistarstarfsemi áhugamanna, en þess ber sérstaklega að gæta, að þessar þjóðir verja miklu fé til leiklistarmála sinna að öðru leyti, svo sem ríkisleikhúsanna. Þá tíðkast og á Norðurlöndum leiklistarstarfsemi, sem nefnist „riksteatern“, en það starf er í því fólgið, að leikflokkar fara um landið og sýna leiklist. Hér er ekki um leiklist áhugamanna að ræða, heldur atvinnuleikara, en þessi starfsemi gerir þörfina fyrir leiklistarstarf áhugamanna minni, þ. e. almenningur á víða völ góðrar leiklistar, sem einnig gerir áhugamönnum erfiðara fyrir. Þar að auki eru svo leikrit, sem menn eiga kost á að sjá í sjónvarpi, auk þess sem bæjarleikhús eru starfandi í helztu borgum.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Það kann að orka tvímælis, hverjar kröfur á að gera til leikstarfsemi áhugamanna í sambandi við styrkveitingar. Að undanfögnu hafa yfirleitt engin skilyrði verið sett í fjárlögum fyrir styrkveitingu. Virtist nefndinni eðlilegt að skipta í tvo flokka þeim félögum, sem til greina kæmu við styrkveitingar, A- og B-flokk. Er gert ráð fyrir 30—100 þús. króna styrk til hvers félags í A-flokki, og gert að skilyrði, að þau sýni árlega eigi færri leikrit en tvö. Sé þar um fulla kvöldsýningu að ræða að tímalengd, þ. e. a. m. k. 2 klst., og að sýning fari fram í húsnæði og með þeim sviðbúnaði, sem leikritið krefst til þess að njóta sín. Við styrkveitingu í A-flokki koma einungis til greina félög, sem fást við leiklist eingöngu og láta allan hagnað, sem verða kann af sýningu, renna til leiklistarstarfsemi sinnar. Að því er leikstjórn varðar, þá hefur nefndin eigi talið rétt á þessu stigi að gera strangar kröfur um sérmenntaða leikstjóra, þar sem þörfin fyrir þá er miklu meiri en svo, að unnt sé að fullnægja henni, en hins vegar munu félögin öll áreiðanlega hafa þug á því að fá þá leiðbeiningu við sviðsetningu leikrita, sem fánleg er á hverjum tíma. Er það ekki einungis á Íslandi, sem skortur er á sérmenntuðum og hæfum leikstjórum, heldur og í nágrannalöndunum og vafalaust miklu víðar. En vonandi rætist úr þessu smátt og smátt. Með „fullgildum“ leikstjóra er átt við mann með þekkingu á leiklist og leikstjórn, hvort sem hann hefur aflað sér hennar í skóla eða starfi eða hvorttveggja.

Styrkveitingar til félaga í B-flokki verða skv. frv. 10—30 þúsund krónur. Til félaga í þessum flokki er gerð krafa um sýningu eins leikrits á ári, og sé þá um að ræða sýningu, sem taki venjulegan kvöldsýningartíma (a. m. k. 2 klst.) eða að á efnisskránni sé til viðbótar leikritinu, ef styttra er, upplestur, söngur, hljóðfærasláttur o. s. frv. Vitað er, að mörg þessara félaga eiga við ýmiss konar erfiðleika að fást, og telur nefndin eigi rétt að gera aðrar kröfur til þeirra á þessu stigi í sambandi við styrkveitingar en hér eru greindar.

Þegar talað er um tvö leikrit í A-flokki og eitt í B-flokki, þá er einungis átt við þau leikrit, sem félagið frumsýnir á leikárinu, en ekki leikrit, sem kunna að vera tekin upp frá fyrra leikári til áframhaldandi sýninga.

Um 2. gr.

Efni greinarinnar miðar að því að örva til sýninga á íslenskum leikritum. Meðal vandamála leikfélaga áhugamanna er að fá hentug leikrit til sýninga. Aukin sýning íslenskra leikrita mundi væntalega einnig hvetja til meiri leikritagerðar.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í sjálfu sér væri æskilegt vegna undirbúnings fjárlagafrumvarps að setja félagunum skemmri frest en til 1. júní til að senda menntamálaráðuneytinu reikninga sína og skýrslur, en félagunum mun hentara að þurfa ekki að senda þessi gögn fyrr og e. t. v. hafa þau þá fremur gert sér nokkra grein fyrir hvert starfið verður í höfuðatriðum næsta leikár.

Um 5. gr.

Ætlað er til, að fjárveiting til leiklistarmála verði veitt í einu lagi í fjárlögum eins og gert hefur verið 1963 og 1964, en að menntamálaráðuneytið skipti fénu, nema að því er varðar Leikfélag Reykjavíkur og Bandalag íslenskra leikfélaga. Þeirra stuðningur á að ákveðast sérstaklega í fjárlögum. Er í frv. miðað við einnar milljón króna lágmarksfjárhæð, auk framlags til Leikfélags Reykjavíkur og Bandalags íslenskra leikfélaga.

Rétt þykir að gera allmikinn mun á styrkjum til félaga í A-flokki, þ. e. þeirra, sem eingöngu helga sig leiklist, geta vandað val leikrita og leggja mikið í kostnað við leikstarfsemina, og félaga í B-flokki, sem sýna ekki nema eitt leikrit á ári, sem e. t. v. nær ekki að vera fullkomin kvöldskýning að tímalengd. Hins vegar er mikil nauðsyn að styrkja einnig þá leikstarfsemi, þótt eigi þyki rétt að gera til hennar harðari kröfur en hér er gert, þar sem oft er um að ræða fámenn félög, sem þurfa að leggja mikið á sig til þess að koma á leiksýningum.

Heimilt er að veita aukastyrk, ef fleiri leikrit en tvö eru sýnd á leikárinu. Er í leikritatölunni einungis átt við leikrit, sem félagið frumsýnir á leikárinu, en ekki framhaldssýningar á leikritum frá fyrra ári.

Nefndin telur sérstaka ástæðu til að styrkja sýningar á leikritum, sem einkum eru ætluð börnum, og er heimild veitt til slíks. Varðandi leiksýningar fyrir börn ber að hafa í huga, að þar er í senn um æskilegt skemmtanaform að ræða og einnig eru leikfélögin með slíkum sýningum, ef vel takast, að laða að sér leikhúsgesti framtíðarinnar. Telur nefndin æskilegt, að miklu meira væri um sýningar á góðum barnaleikritum en verið hefur til þessa, þótt Þjóðleikhúsið og fleiri hafi þar farið vel að stað. Sýning slíkra leikrita er að jafnaði sízt vanda- eða kostnaðarminni en annarra og nauðsynlegt að stilla verði aðgöngumiða að slíkum sýningum í hóf.

Miðað við sýningarfjölda 38 félaga, sem sýndu leikrit 1962—63, samkvæmt yfirliti birtu hér að framan, hefðu 7 þeirra getað hlotið styrk samkvæmt A-flokki, en 31 í B-flokki. Samkvæmt reglu 5. gr. frv. hefðu hin sjö félög í A-flokki minnst átt að fá samtals 210 þúsund krónur í styrk, en mest 700 þús. kr. Félögin í B-flokki hefðu átt að fá minnst 310 þús. kr., en mest 930 þús. kr. samtals. Hins vegar er líklegt, að í framkvæmd yrði það svo, að félögin fengju ekki öll jafna styrki, heldur færi um það eftir starfi þeirra, og einnig geta félög færzt milli flokka og fleiri bætt í hópinn. En hvernig sem styrkirnir skiptast milli félaganna, þá verður heildarfjárhæðin að sjálfsögðu ekki hærri en það, sem Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum.

Um 6. gr.

Í starfi leikfélaga eru leiktjöld mikill kostnaðarliður, svo og búningar, hárkollur o. fl. Myndun og rekstur leiktjalda- og leikbúningasafns, er hefði í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateignara, yrði allkostnaðarsamt, en skiptir leikfélögin miklu að slíkri stofnun verði komið á fót, svo að þau geti fengið þar leigð tjöld og búninga eða fengið aðstoð safnsins við gerð þeirra. Ætlazt er til, að þangað til slíkri stofnun verður komið á fót, leigi Þjóðleikhúsið tjöld og búninga eftir því, sem stjórn þess telur við verða komið, og raunar hefur Þjóðleikhúsið oft hlaupið undir bagga hingað til. Hins vegar verður að leggja ríka áherzlu á, að félög, sem fá slíka muni leigða, skili þeim óskemmdum, og er ætlazt til, ef út af bregður, að Þjóðleikhúsið meti sjálft tjónið og sé leikfélögunum skylt að bæta það. Ætti slíkt aldrei að verða kostnaðarsamara fyrir þau en að láta gera tjöldin að nýju.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að Ríkisútvarpið fái þau leikrit, sem ástæða virðist til, flutt í Ríkisútvarpinu og greiði þá venjulegt gjald fyrir. Hefur þetta raunar verið gert, t. d. flutti Leikfélag Akureyrar ekki alls fyrir löngu leikrit í útvarpið, en rétt þykir samt að hafa þetta ákvæði í frumvarpinu. Mat leikritanna verður í höndum dagskrárstjórnar útvarpsins eins og ákvörðun um annað efni til flutnings.

Um 8. gr.

Sumir skólanemendur hafa um langt skeið sýnt leikrit, einkum þó nemendur Menntaskólans í Reykjavík, og varið til þess miklum tíma og fjármunum. Vill nefndin að heimilt sé að veita fjárhagslegan stuðning við slíka starfsemi, og er menntamálaráðuneytinu ætlað að meta það hverju sinni, hvort ástæða væri til styrkveitingar og hve hár styrkurinn skuli vera. Er einkum haft í huga að greiða hluta af kostnaði við starf leikstjóra eða leiðbeinanda. Einungis er hér átt við opinberar leiksýningar skólanemenda.

Um 9. gr.

Ætlazt er til, að á móti styrkjum í A-flokki greiði hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður a. m. k. jafnhátt framlag, en á móti styrkjum í B-flokki greiðist a. m. k. 50% frá bæjar- eða sveitarsjóði. Nefndinni þótti ekki rétt að krefjast jafnmikils framlags á móti ríkisstyrknum til félaga í B-flokki, þar sem gera má ráð fyrir, að félögin, sem þar eiga hlut að máli, séu í hinum fámennari og fátækari sveitarfélögum, en vitanlega er ekkert, sem hindrar þau í meiri framlögum til leiklistar en frumvarpið setur sem lágmark.

Í fjárlögum 1963 og 1964 eru ekki sett skilyrði um framlag frá bæjar- eða sveitarsjóðum á móti ríkisstyrkjum til leiklistar, en í fjárlögum 1962 og áður voru skilyrði um a. m. k. jafnhá framlög annars staðar að.

Um 10. og 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.